AUGLÝSING

um Norðurlandasamning um almannaskráningu.

Hinn 19. maí 1990 var norska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um almannaskráningu sem undirritaður var í Reykjavík 8. maí 1989. Samningurinn öðlast gildi 1. október 1990. Jafnframt fellur úr gildi Norðurlandasamningur frá 5. desember 1968 um almannaskráningu, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 2 og 13/1969.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 22. maí 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um almannaskráningu.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa, til þess að auðvelda almannaskráningu í aðildarlöndunum, komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Samningur þessi tekur til einstaklinga sem skráðir eru sem búsettir í einu aðildarlandi og hafa í hyggju að flytja, eða hafa þegar flutt, til einhvers hinna landanna. Skemmri dvöl en 6 mánaða telst, að öðru jöfnu, ekki jafngilda flutningi.

2. gr.

1. Sá sem áformar að flytja frá einu aðildarlandi til annars skal tilkynna það hlutaðeigandi skráningaryfirvaldi (skráningarstofu) á hverjum stað í því landi sem flutt er frá.

Skráningarstofan skal þegar afhenda þeim er flytur samnorrænt flutningsvottorð með viðfestu eyðublaði fyrir staðfestingu á flutningi. Flutningsvottorð gildir í 3 mánuði frá útgáfudegi.

2. Sá sem hefur flutt frá einu aðildarlandi og tekið sér búsetu í öðru eftir komu þangað skal tilkynna hlutaðeigandi skráningarstofu flutninginn fyrir lok þess frests sem gildir um afhendingu flutningstilkynninga í viðkomandi landi. Hann skal jafnframt afhenda flutningsvottorð það sem um ræðir í 1. tölulið þessarar greinar ásamt staðfestingareyðublaði. Hafi hann ekki flutningsvottorð skal skráningarstofan afla þess sjálf frá viðkomandi skráningarstofu í brottflutningslandinu. Vottorð skal senda um hæl, þannig að það berist skráningarstofunni í innflutningslandinu eigi síðar en 14 dögum eftir að um það var beðið.

3. Skráningarstofan í innflutningslandinu ákveður hvort sá sem flytur skuli tekinn á skrá með búsetu í því landi.

Slík skráning getur þó aðeins farið fram á grundvelli flutningsvottorðs. Um leið og skráning hefur átt sér stað ber að tilkynna hana hlutaðeigandi skráningarstofu í brottflutningslandinu. Nota skal samnorræna flutningsstaðfestingu til þeirrar tilkynningar.

Telji hlutaðeigandi skráningarstofa, að ástæða sé til að ætla að sá sem tilkynnt hefur flutning til hennar skuli með réttu teljast búsettur í öðru umdæmi innflutningslandsins, skal vísa honum til skráningarstofu þess umdæmis. Jafnframt fær hann aftur í hendur flutningsvottorð með áritaðri athugasemd um þetta.

Telji skráningarstofa að sá sem hefur afhent henni flutningsvottorð geti ekki talist búsettur í umdæminu og ekki er heldur um að ræða það tilvik, er um ræðir í næstu málsgr. hér á undan, skal rita um þetta athugasemd á eyðublaðið fyrir staðfestingu á flutningi. Þeim sem flytur skal jafnframt tilkynnt

þetta. Skráningarstofan heldur eftir flutningsvottorðinu, en staðfestingareyðublaðið skal endursenda tafarlaust þeirri skráningarstofu sem gaf út flutningsvottorðið.

Skráningarstofa í brottflutningslandi skal ekki taka brottfluttan einstakling af skrá fyrr en henni hefur borist staðfesting á flutningi hans. Dagsetning brottflutnings skal ráðast af skráningardegi í innflutningslandinu.

4. Hafi hlutaðeigandi skráningarstofa í brottflutningslandinu ekki fengið staðfestingu á flutningi að liðnum einum mánuði frá tilgreindum flutningsdegi skal hún snúa sér beint til hlutaðeigandi skráningarstofu innflutningslandsins til að afla þeirra upplýsinga sem þörf er á vegna skráningarinnar. Sama gildir þegar skráningarstofa hefur ástæðu til að ætla að einstaklingur á skrá hennar hafi flutt til annars aðildarlands.

3. gr.

Ákvörðun um það, hvort einstaklingur skuli talinn búsettur í innflutningslandinu, skal tekin á grundvelli laga þess lands.

Fallist skráningarstofa brottflutningslands ekki á tiltekna skráningu getur hún vakið máls á því við hlutaðeigandi skráningarstofu í innflutningslandinu. Verði ekki samkomulag milli þeirra getur hin fyrrnefnda skotið málinu til eigin þjóðskráryfirvalda, en þau lagt það fyrir þjóðskráryfirvöld innflutningslandsins.

Innflutningsland telst það land sem viðkomandi einstaklingur hefur tekið sér búsetu í eftir flutning frá öðru landi. Þetta gildir svo lengi sem ekki verður breyting á raunverulegri búsetu hlutaðeigandi frá því sem var þegar hann flutti.

4. gr.

Aðildarríkin skuldbinda sig gagnkvæmt til að láta í té þær upplýsingar sem taldar eru nauðsynlegar til að unnt sé að taka afstöðu til búsetumála, svo og til að tilkynna þær ákvarðanir sem teknar eru í þeim málum.

5. gr.

Skráningarstofa telst í þessum samningi:

í Danmörku skráningarstofa hvers umdæmis,

í Finnlandi skráningarstofa hvers umdæmis,

á Íslandi Þjóðskráin,

í Noregi skráningarstofa hvers umdæmis,

í Svíþjóð sóknarskrifstofur (í Stokkhólmi og Gautaborg þó skattstofur). Frá 1. júlí 1991 skattstofa hvers umdæmis.

6. gr.

Á eyðublaði samnorræns flutningsvottorðs og flutningsstaðfestingar skulu vera upplýsingar um: 1. brottflutningsland, 2. sveitarfélag, 3. heimilisfang, 4. innflutningsland, 5. sveitarfélag, 6. heimilisfang, 7. tilgreindan flutningsdag, 8. nafn, 9. barn hvers, 10. maki hvers, 11. kyn, 12. fæðingardag, -mánuð og -ár, 13. fæðingarstað, 14. hjúskaparstétt og dagsetningu, 15. ríkisfang, 16. hvort viðkomandi hafi áður verið búsettur í innflutningslandinu, 17. ef við á, nafn og fæðingardag maka sem ekki er getið um á vottorðinu, 18. ef við á, nöfn og fæðingardaga foreldra (barna undir 18 ára aldri) sem ekki er getið um á vottorðinu, 19. athugasemdir. Á flutningsvottorðinu skulu ennfremur vera útgáfudagsetning vottorðsins, stimpill og undirskrift, skráður innflutningsdagur svo og afhendingarfrestur flutningstilkynninga í hverju einstöku aðildarlandi.

Form og innihald eyðublaða flutningsvottorðs og flutningsstaðfestingar skal vera hið sama í öllum löndunum, en á máli hvers lands fyrir sig. Þjóðskráryfirvöld í aðildarríkjunum skulu hafa samráð um gerð eyðublaðanna.

7. gr.

Samningurinn öðlast gildi frá næstkomandi 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí eða 1. október, þremur mánuðum eftir þann dag er allir samningsaðilar hafa tilkynnt norska utanríkisráðuneytinu að þeir hafi samþykkt hann.

Að því er varðar Færeyjar og Grænland öðlast samningurinn þó fyrst gildi næstkomandi 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí eða 1. október, þremur mánuðum eftir að ríkisstjórn Danmerkur hefur tilkynnt norska utanríkisráðuneytinu að viðeigandi skilyrði hafi verið uppfyllt.

Norska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum samningsaðilum um móttöku ofangreindra tilkynninga og gildistöku samningsins.

8. gr.

Við gildistöku samnings þessa fellur úr gildi Norðurlandasamningur frá 5. desember 1968 um almannaskráningu.

9. gr.

Hver samningsaðili getur gagnvart hverjum öðrum aðila að samningi þessum sagt honum upp með sex mánaða fyrirvara til brottfalls 1. janúar eða 1. júlí. Skal honum sagt upp með skriflegri tilkynningu til viðkomandi samningsaðila og norska utanríkisráðuneytisins, sem tilkynnir öðrum samningsaðilum um móttöku tilkynningarinnar og um efni hennar.

10. gr.

Frumrit samningsins skal varðveitt í norska utanríkisráðuneytinu sem sendir öðrum samningsaðilum staðfest afrit af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess höfðu fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Reykjavík hinn 8. maí 1989 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, og skulu allir textar jafngildir.

11. júní 1990 Nr. 14

AUGLÝSING

um samning um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi.

Hinn 8. júní 1990 var sænska utanríkisráðuneytinu afhent staðfestingarskjal Íslands vegna samnings um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi, sem gerður var í Tampere 15. júní 1988, og fullgildingarskjal vegna bókunar um beitingu samningsins gagnvart furstadæminu Liechtenstein sem gerð var í Tampere sama dag. Alþingi hafði með ályktun 26. apríl 1990 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samninginn og fullgilda bókunina. Tilkynnt verður um gildistöku þeirra síðar.

Samningurinn og bókunin eru birt sem fylgiskjöl með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 11. júní 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal 1.

SAMNINGUR
um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum á samræmi

Lýðveldið Austurríki, lýðveldið Finnland, lýðveldið Ísland, konungsríkið Noregur, konungsríkið Svíþjóð og sambandsríkið Sviss, hér á eftir nefnd samningsríkin,

vilja stuðla að heilsteyptu og öflugu evrópsku efnahagssvæði;

telja að alþjóðleg samræming á stöðlum og tæknilegum reglugerðum, svo og á leiðbeiningum

CONVENTION
on the Mutual Recognition of Test Results and Proofs of Conformity

The Republic of Austria, the Republic of Finland, the Republic of Iceland, the Kingdom of Norway, the Kingdom of Sweden and the Swiss Confederation, hereinafter referred to as the Contracting States,

desiring to contribute to a homogeneous and dynamic European economic space,

considering that the international harmonization of standards and technical regulations and of